



Fundargerð

380. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
föstudaginn 15. maí 2015 kl. 14.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) í forföllum Áslaugar Guttormsdóttur. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, engin önnur mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 379. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps 9. apríl 2015.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.

2. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 29. apríl 2015.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1. 1304010 – Hunda- og kattahald á Reykhólum.

Sveitarstjórn fór yfir reglur um hunda- og kattahald í Reykhólahreppi og vísar þeim til frekari vinnslu hjá nefndinni og að gjaldskrá verði útbúin, auk verklagsreglna og kostnaðargreiningar. Samþykkt samhljóða.

2.2. 1504018 – Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi, samþykktin hefur þegar verið samþykkt af heilbrigðisnefnd Vestfjarða. Birta skal samþykktina í B-deild Stjórnartíðinda og á vef sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

2.3. 1504019 – Rotþróahreinsun 2015.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.4. 1504020 – Nýr mótur í jarðgerðarvél.

Sveitarstjórn samþykkir að veita aukafjárheimild til kaupa á nýjum mótur í jarðgerðarvél, auk flutnings og ísetningar, allt að upphæð 600 þús. Liðurinn verði fjármagnaður af eigin fé sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

3. Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd 11. maí 2015.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

- 3.1. 1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útivistarsvæði og Sjávarböð.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að verða við ábendingum og athugasemdum Skipulagsstofnunar frá 16. apríl 2015. Samþykkt samhljóða.

- 3.2. 1305002 – Deiliskipulag Kirkjuból.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við athugasemdum Minjavarðar Íslands frá 13. mars 2014 og bókun nefndarinnar, að skráning fornleifa skuli fara fram á deiliskipulagsstigi. Samþykkt samhljóða.

- 3.3. 1004002 – Breyting á deiliskipulagi í Fremri-Gufudal.

Sveitarstjórn samþykkir athugasemdir Veðurstofu Íslands frá 17. apríl 2015. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið að öðru leyti. Samþykkt samhljóða.

- 3.4. 1408010 – Útboð á framkvæmdum við skólalóð.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýst verði útboð á framkvæmdinni. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

- 1. 1505004 – Stofnun Tómsundaráðs/-nefndar í Reykhólahreppi.**

Tillaga frá Áslaugu Bertu Guttormsdóttur móttækin 11. maí 2015.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps tekur jákvætt í erindið um styrkja stöðu tómsundafulltrúa, og telur að málið falli undir mennta- og menningarmálanefnd sem fer með málaflokk æskulýðs- og tómsunda, að nefndin geti kallað til tómsundafulltrúa, ásamt skólastjóra, hjúkrunarforstjóra og fulltrúa foreldra inn á fundinn eftir þörfum. Samþykkt samhljóða.

- 2. 1505005 – Stofnun Jaðarbyggðarnefndar í Reykhólahreppi.**

Tillaga frá Áslaugu Bertu Guttormsdóttur móttækin 11. maí 2015.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að stofna dreifbýlisnefnd skv. C lið 39. gr. samþykktar um stjórn Reykhólahrepps nr. 685/2013, svokallaða verkefnabundna nefnd. Nefndinni er ætlað að fjalla um málefni sem brenna á íbúum jaðarbyggða í sveitarfélaginu og koma hugmyndum og þörfum íbúanna og/eða félagasamtaka á framfæri við sveitarstjórn, í nefndinni sitji 3- 5 fulltrúar. ÁBG verði formaður nefndarinnar og fulltrúi sveitarstjórnar og auglýst verði eftir áhugasömum einstaklingum til að sitja í nefndinni. Samþykkt samhljóða.

- 3. 1505006 – Málefni Flateyjar.**

Ferð sveitarstjórnar í Flatey 1. maí 2015 og fundur með Framfarafélagi Flateyjar 16. apríl 2015.

Farið var yfir minnispunkta sveitarstjóra og oddvita frá Flateyjarferð og minnispunkta ÁBG frá fundi með Framfarafélagi Flateyjar og málin rædd. Sveitarstjóra falið að taka saman lista yfir helstu málefni/ atriði sem þarf að vinna að, samþykkt samhljóða.

- 4. 1505014 – Rekstur á tjaldsvæði.**

Erindi frá forstöðukonu Grettislaugar dagsett 7. maí 2015.

Sveitarstjórn vísar erindinu til skrifstofu sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

5. 1505013 – Ósk um húsaleigustyrk árið 2015.

Erindi frá Bata- og hlunnindasýningunni móttengið 11. maí 2015.

Erindið samþykkt samhljóða.

6. 1505007 – Leiðbeiningar um uppbyggingu ljósleiðaraneta og ríkisstyrktarreglur, fundur 12. maí 2015.

Fundarboð frá FV í samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun, erindi dagsett 27. apríl 2015.

Sveitarstjóri mætti á fundinn f.h. sveitarstjórnar og fór hann yfir helstu atriðin sem fram komu á fundinum.

7. 1505008 – Mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis.

- 7.1. Tillaga að þingsályktun um gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma, 35. mál.
- 7.2. Frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurlugvelli, 361. mál.
- 7.3. Frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, 703. mál.
- 7.4. Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, 696. mál.
- 7.5. Frumvarp til laga um lögræðislög, 687. mál
- 7.6. Tillaga að þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2016, 689. mál
- 7.7. Frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð, 629. mál.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málin, samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1504021 – Ársreikningur Reykhólahrepps 2015.

Staða vinnu við ársreikning.

Sveitartjóri fór yfir stöðu málsins, en vegna innleiðingar á nýju bókhaldskerfi hefur vinna við ársreikning 2014 tafist. Áætlað er að ljúka vinnu við ársreikning um næstu mánaðarmót.

2. 1505009 – Fjölskyldudagurinn 2015.

Skýrsla æskulýðs- og tómstundafulltrúa.

Farið yfir skýrsluna.

3. 1505010 – Ráðstefna um skólabyggingar 21. maí 2015.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 5. maí 2015.

Kynnt.

4. 1401018 – Umsögn um landsskipulagsstefnu, 689. mál

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga send til kynningar 7. maí 2015.

Lögð fram.

5. 1505011 – Umsögn um frv. um br. á lögum um vexti og verðtryggingu, 561. mál.

Afrit af umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 24. apríl 2015.

Lagt fram.

- 6. 1505012 – Drög að umsögn um frv. til laga um verndarsvæði í byggð, 629. mál.**
Drög send til kynningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 24. apríl 2015.

Lagt fram.

- 7. 1503020 – Fundargerð heilbrigðisnefndar 17. apríl 2015.**

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17.20.

_____	_____
_____	_____
_____	_____